

Alþingi
Erindi nr. P 138/104
komudagur 10.11.2009

Allsherjarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

5. nóvember 2009

Efni: Umsögn og ábendingar um frumvörp til persónukosninga.

103. mál

Ágæta allsherjarnefnd.

Ég fagna því að loksins skuli vera komin fram frumvörp um persónukosningar þannig að fólki gefist betri möguleiki til þess að koma skýrt fram sínum vilja, þegar kemur að því að raða upp á listana. Það eru samt nokkur atriði sem mig langar að nefna og vona að nefndin íhugi og taki til skoðunar.

Flækjustig.

“Írska kerfið” er gott kosningakerfi og líklega með þeim réttlátustu kosningakerfum sem notuð eru í heiminum í dag við uppröðun á lista. Ég er þó ansi hræddur um að það þurfi að kynna þetta kerfi vel fyrir íslendingum, sem eru vanir því prófkjarakerfi sem flokkarnir notast við í dag. Það þarf að skýra vel út fyrir fólki að þó einhver biðji um annað sætið, þá sé ekki víst, þó að allir kjósi viðkomandi í annað sætið, að viðkomandi fái annað sætið. Ef enginn kemst áfram í fyrstu umferð, gæti viðkomandi verið neðstur eftir þá umferð og lent í neðsta sæti, þrátt fyrir skýran vilja fólks um að hafa viðkomandi í öðru sæti. Það þarf að skýra út fyrir fólki að nú sé það bara með 1 atkvæði og um leið og það hefur verið notað að fullu, er ekki víst að allir sem settir voru neðar, fái stuðning. Í dag í prófkjörum má líta svo á að maður hafi eins mörg atkvæði og fjöldi þeirra sem maður velur. Það er verulega áriðandi að fólki skilji þetta vel.

Fjöldi í boði.

Þetta finnst mér einn veikasti hlekkur frumvarpanna eins og það er sett upp í dag (nema í frumvarpinu um stjórnlagabæing). Flokkarnir fá enn að ráða hvaða einstaklinga þeir setja í þau sæti sem eru til persónukjörs. Ef kerfið á að ganga vel upp, þá má ekki vera nein takmörkun á þeim fjölda sem er í framboði. Allir eiga að geta boðið sig fram, alveg eins og er í prófkjörum. Annars er hættu á því að prófkjör verði líka haldin, sem er auka kostnaður fyrir alla, frambjóðendurna, flokkana og jafnvel ríkið. Það má líka leiða líkur að því að spennan verði meiri, ef fleiri fá að bjóða sig fram.

Flutningur atkvæða.

Í frumvarpinu er yfirsjón sem getur valdið því að eitt atkvæði hafi meiri áhrif en eðlilegt megi teljast. Í “írska kerfinu” er vandamálið leyst með einföldum hætti og er líklegt að þeirra lausn geti virkað vel á Íslandi.

En hvað er vandamálið? Vandamálið felst í því hvernig atkvæði eru flutt og hvernig fluttu atkvæðin samlagast atkvæðum sem þegar hafa verið greidd þeim aðila sem fær þau flutt til sín. Hér eru 2 dæmi um það hvernig frumvörpin taka á flutningi atkvæða. Þessi dæmi eru bara til að sýna misræmið, fjöldi atkvæða og fleira er kannski ekki það sem koma skal, en þau skýra út hvað ég meina. Horfum á 2 mismunandi úrslit.

100000 atkvæði greidd, 4 í kjöri (A B C og D), 3 fá kosningu. Sætishluttur er því 25000 atkvæði.

40000 kusu A B C D
10000 kusu A B D C
25000 kusu B A D C
12500 kusu C A B D
12500 kusu D A B C

Í fyrstu talningu fær A 50000 atkvæði, B fær 25000 atkvæði, C fær 12500 atkvæði og D fær 12500 atkvæði. A fær því fyrsta sæti og B annað sæti, þar sem báðir náðu sætitölunni. Atkvæði A færast því sem hér segir. 25000 atkvæði færast í heild sinni. 80% þeirra fara til C og 20 % til D. C fær því 20000 atkvæði en D 5000. Í annarri umferð talningar er því C með 32500 atkvæði og D 17500. C fær því þriðja sætið og D það fjórða. Engin atkvæði færast frá B.

En hvað ef eftirfarandi breyting verður á atkvæðamagni.

Í stað þess að 25000 manns kjósi B A D C, þá eru það bara 24999. Þessi eini ákvað að kjósa C A B D.

Í fyrstu talningu fær A 50000 atkvæði, B fær 24999 atkvæði, C fær 12501 atkvæði og D fær 12500 atkvæði. A er því réttkjörinn í fyrsta sæti. Nú flytjast atkvæða A yfir á B. B er þá kominn með 49999 atkvæði og fær því kosningu í annað sæti. Nú flytjast 24999 atkvæði yfir á C og D, en af því að þau koma frá B, þá fær C aðeins 30% atkvæðanna eða 7500, en D fær restina eða 17499. Nú er D kominn með 29999 atkvæði og fær því þriðja sætið en C endar neðstur.

Það sem gerist er að af því að B fær atkvæði frá A til sín, þá fá atkvæði þeirra sem kusu B í fyrsta sæti nýtt og meira vægi. Þetta gengur ekki upp, þar sem öll atkvæði eiga að hafa sama vægi.

Írarnir leysa þetta með því að nýta til tilfærslu aðeins þau atkvæði sem síðast komu til viðkomandi frambjóðanda. Þá er litið svo á að atkvæði sem komu fyrr, hafi nú þegar haft áhrif á kosninguna og því eigi þeir kjósendur sem eiga þau atkvæði að vera ánægðir með að sá sem þeir helst vildu, hafi fengið kosningu og því þurfi seinni valkostir viðkomandi ekki að þurfa að nýtast. Þ.e. atkvæðið er fullnýtt. (ATH: Atkvæði telst þó ekki fullnýtt í þessu sambandi ef viðkomandi dettur út (er með fæst atkvæði), þá færast auðvitað öll atkvæði frá viðkomandi.)

Þannig er það í fyrra dæminu. 25000 atkvæði B nýtast að fullu og því er ekki unnið með þau meir. Í seinna dæminu, ætti ferlið að vera þannig að 24999 atkvæði eru þegar fullnýtt (atkvæði merkt B í fyrsta sæti) og því eru það bara þau 25000 atkvæði sem komu frá A sem teljast áfram til flutnings. 1 fer á B og veitir honum kosningu, hin 24999 skiptast á milli C og D og þá fær C 19999 atkvæði og kemst í 32500 atkvæði (eins og í fyrra dæminu) og D fær 5000 atkvæði og fær sín 17500 og endar í fjórða sæti.

Þannig er þá komið samræmi í atkvæðatalninguna, öll dreifing atkvæða er þá gerð á samræmdan máta, hvort sem einn eða fleiri aðilar hafa náð kosningu (eða lent neðst á sama tíma).

Framkvæmd á neðstu sætum.

Þegar fella á aðilann með fæst atkvæði út, er hægt í sumum tilfellum að fella út fleiri en 1 aðila. Þetta er í þeim tilfellum að samalögð atkvæði neðstu aðila ná ekki upp fyrir atkvæðafjölda þess sem er næstur fyrir ofan.

Dæmi. Sætishluttur er 15000 atkvæði.

Sá sem er í 9. sæti hefur 1000 atkvæði

Sá sem er í 8. sæti hefur 2000 atkvæði

Sá sem er í 7. sæti hefur 4000 atkvæði

Sá sem er í 6. sæti hefur 6000 atkvæði

8. og 9. sætið hafa því samanlagt aðeins 3000 atkvæði, sem gerir það að verkum að þó að öll atkvæði 9. sætisins þess sem er í 8. sæti, þá nær hann ekki 7. sætinu og fellur því hvort eð er næst út. Því er hægt að fella þá báða út strax og þeir raðast eftir atkvæðafjölda. Ef 7. sætið hefði færri en 3000 atkvæði, væri líka hægt að fella hann út, það þyrfti því ekki auka umferðir til að fella þessa aðila út.

Hlutkesti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef tveir aðilar hafa jafnmörg atkvæði að þá skuli hlutast til um hver fái sætið. Það er skrytið í persónukjörskerfi að ekki skuli reynt til hlítar með öðrum hætti að finna út hvor eigi að fá sætið. Í Írlandi nota þeir þá aðferð að bakka með atkvæðin, þ.e. taka af þeim þau atkvæði sem síðast komu til viðkomandi og athuga hvor hefur fleiri atkvæði eftir þann gjörning. Sá sem er hærri hlýtur þá kosninguna (en síðan er reiknað og flutt skv. þeim atkvæðum sem viðkomandi fékk í heildina). Þetta er svo endurtekið (ef ekki fæst niðurstaða) þar til komið er að fyrstu atkvæðum viðkomandi.

Þessi aðferð virkar vel nema í fyrstu umferð talningar. Í fyrstu umferð væri hægt að kanna yfir heilt, hvor aðilinn er oftar ofar en hinn(hinir) á öllum atkvæðunum. Ef þeir eru enn jafnir, þá eru skoðuð öll nema 2 neðstu kjósanlegu sætin. Ef þeir eru enn jafnir er eitt sæti tekið af í viðbót og svo koll af kolli þar til aðeins 2 sæti eru eftir. Ef menn eru ennþá jafnir þegar hér er komið við sögu (sem er afar ólíklegt), þá skal varpa hlutkesti.

Ég vona að þetta komi til með að hjálpa ykkur þegar að þið ræðið frumvarpið.

Kv,
Ingimundur K. Guðmundsson
Grønlien 43
Bergen,
Noregi